

Sé bulluhraðinn yfir 6 metra á sekúndu, dragast 5% frá hestöflum þeim, 115 sem reiknuð eru eftir þessum reglum, sé um 4-gengis mótoru að ræða, en 10% 21. júní ef um 2-gengis mótoru er að ræða.

b. Mótorar 800 hestafla og þar yfir:

$$HÖ = \frac{T \cdot F \cdot pm \cdot S \cdot N}{G \cdot 225000}$$

T = tala jafnstórra strokka.

F = flatarmál bullu í ferem.

pm = meðalþrýstingur í kg/cm².

S = slaglengd bullu í cm.

N = snúningur mótorsins á mínútu.

G = $\begin{cases} 4 & \text{fyrir 4-gengismótora.} \\ 2 & \text{fyrir 2-gengismótora.} \end{cases}$

Pm reiknast 6,2—8 kg/cm² eftir gerð mótorsins.

4. gr.

Komi það fyrir, að aðalvél skips sé mjög frábrugðin áðurgreindum vélartegundum, felur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið tveimur þar til hæfum mönnum að ákveða hestaflafjölda þessara véla.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað og fellur jafnframt úr gildi auglýsing nr. 122 30. október 1936 um sama efni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. júní 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Kristínar Jóhannsdóttur og Hjalta Jóhannssonar og fyrri konu hans, Gróu Þorkelsdóttur“, 116 22. júní útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. júní 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð hjónanna Kristínar Jóhannsdóttur (f. 27. júlí 1892, d. 2. febrúar 1942) og Hjalta Jóhannssonar (f. 11. marz 1875, d. 13. júní 1944), áður bónda á Gilsstöðum, Vatnshorni og víðar, en síðar verkamanns á Hólmavík, og fyrri konu hans, Gróu Þorkelsdóttur (f. 6. júní 1865, d. 10. des. 1925).

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Kristínar Jóhannsdóttur og Hjalta Jóhannssonar og fyrri konu hans, Gróu Þorkelsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt fyrirætlum í erfðaskrá Hjalta Jóhannssonar, verkamanns á Hólmavík, dagsettri 7. júní 1944, og staðfestri sama dag af notario publico.

Stofnfé sjóðsins að frádregnum erfðafjárskatti er kr. 9000.00.

Sjóðurinn skal vera í vörzlum stjórnarnefndar ríkisspítalanna og ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands. Alla vexti skal leggja við höfuðstólinn, unz sjóðurinn hefur náð þeirri fjárhæð, að telja megi, að hann sé fær um að svara nokkurn veginn rausnarlega tilgangi sínum. Eftir það má verja allt að $\frac{3}{4}$ ársvaxta samkvæmt ákvæðum 5. gr. Hinn hluta vaxtanna skal enn leggja við höfuðstólinn honum til aukningar. Höfuðstólinn, eins og hann er á hverjum tíma, má aldrei skerða.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja krabbameinssjúklinga þeim til lækningar og aðhlyningar. En verði slíkra styrkveitinga ekki þörf, vegna almennra trygginga eða fjárframlaga hins opinbera, skal í þess stað verja úthlutuðum vöxtum til að styrkja vísindalegar krabbameinsrannsóknir.

Styrkveitingum úr sjóðnum ráða yfirlæknar Landsspítalans og forstöðumaður Rannsóknastofu Háskólans. Verði stofnanir þessar að einhverju eða öllu leyti lagðar niður, taka við úthlutuninni þeir opinberir starfsmenn, er samsvarandi störfum gegna, eftir því sem nánar verður fyrir mælt af stofnum þeirri, er fer með yfirstjórn heilbrigðismála ríkisins. Á samsvarandi hátt fer um það, ef stjórnarnefnd ríkisspítalanna (sbr. 4. gr.) verður lögð niður.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu birtir árlega í Lögbirtingablaði.

Skipulagsskrá þessi er að fyrirlagi stofnandans samín af landlækni. Leita skal henni staðfestingar forseta.

SAMÞYKKT

um lokunartíma sölubúða í Þingeyrarkauptúni í Þingeyrarhreppi.

Sölubúðum í Þingeyrarkauptúni skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis nema föstudaga kl. 7 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal búðum lokað eigi síðar en kl. 5 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 1 e. h.